

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2002.***Davíð Oddsson.****Halldór Blöndal.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.**

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Börn eða kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra 18 ára að aldri. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2002.***Davíð Oddsson.****Halldór Blöndal.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.**

Geir H. Haarde.